

# Togbrautir fyrir skíðafólk

## REKSTRARLEIÐBEININGAR

- 1.** Togbraut sem er í notkun, skal vera undir stöðugu eftirliti gæslumanns sem er orðinn fullra 18 ára. Hann skal fylgjast með togbrautinni og stöðva hana skapist hættuástand við hana. Hann skal einnig sjá um að hætta geti ekki skapast af flaksandi fötum eða síðu hári. Gæslumaður skal hafa kynnt sér reglur um togbrautir.
- 2.** Dag hvern, áður en togbrautin er tekin í notkun, skal gæslumaður reynslukeyra hana og kanna hvort allur öryggisbúnaður vinnur rétt og eðlilega.
- 3.** Athuga skal hvort girðingarnar séu í lagi og leiðbeininga- og aðvörunarmerki á réttum stöðum. Lyftubrautinni skal haldið í góðu lagi.
- 4.** Snúningur á dráttartaug skal kannaður. Komi fram snúningur á henni skal stöðva togbrautina þar til úrbætur hafa farið fram. Mesti leyfilegi snúningur er einn hringur á 60 m og hámark fjórir á alla lengd hennar á leið upp.
- 5.** Daglega skal fylgjast með sliti á tauginni. Lausir þræðir mega ekki standa út úr stálvír.
- 6.** Beri slys að höndum, sem ætla má að leiði til líkamstjóns eða umtalsverðs skaða fyrir viðkomandi, skal það tilkynnt Vinnueftirliti ríkisins.
- 7.** Þegar gæslumaður yfirgefur togbrautina skal hann ganga þannig frá henni að óviðkomandi geti ekki sett hana í gang.
- 8.** Að öðru leyti vísast til reglugerðar um togbrautir fyrir skíðafólk og leiðbeininga og fyrirmæla framleiðanda.
- 9.** Þessar leiðbeiningar skulu hanga uppi á áberandi stað við togbraut.